

Kæru forráðamenn nemenda unglíngadeildar Sjálalandskóla.

Nú stýttist í skólabyrjun en undirbúningur skólafarfsins er í fullum gangi. Hér koma nokkrar gagnlegar upplýsingar sem brenna á mörgum svona í upphafi skólaársins. Nemendur unglíngadeildar hefja skóladaginn kl. 8:20 en skóladegi lýkur á mismunandi tímum.

Innkaup

Skólinn útvegar námsgöng. Með námsgögnum er m.a. átt við stílabækur, blýanta, liti, gráðuboga o.fl. til notkunar í skólunum.

Nemendur Sjálalandskóla þurfa að eiga:

- Skólatösku
- Heyrnartól
- Íþróttaföt og íþróttaskó
- Sundfatnað
- Minniskubb
- Nemendur þurfa að eiga ritföng heima til að geta sinnt heimanámi . Einnig vasareikni (Casio fx-350-ES Plus eða sambærilegan)

Skólaboðunarfundir

Allir **nýir nemendur** Sjálalandskóla og forráðamenn þeirra eru boðaðir á fund með viðkomandi umsjónarkennara. Kennarar munu hafa samband símleiðis eða með tölvupósti á tímabilinu 16.-21.ágúst og boða viðtölin.

Allir **nemendur** og forráðamenn þeirra eru boðaðir á sameiginlegan fund með umsjónarkennara föstudaginn 23. ágúst á eftirfarandi tímum:

- 09:00-10:00 Skólaboðunarfundur fyrir alla nemendur í 2.- 3.b
- 10:00-11:00 Skólaboðunarfundur fyrir alla nemendur í 4.-7.b.
- 13:00-14:00 **Skólaboðunarfundur fyrir alla nemendur í 8.- 10.b.**

Fundir fara fram á heimasvæðum árganga.

Skóladagatal fyrir skólaárið ásamt hagnýtum upplýsingum má finna á [heimasíðu Sjálalandskóla](#).

Skólamat

Hægt er að kaupa hádegismat fyrir nemendur hjá skolamat.is. Forráðamenn velja hvort þeir kaupa einn eða fleiri daga. Hægt er að finna upplýsingar um verð á hádegismat á [heimasíðu Skólamatar](#). Skráning fer fram eins og áður segir hjá Skólamat en nánari upplýsingar verða sendar frá Skólamat í lok vikunnar. Skólamat verður í boði frá og með fyrsta skóladegi ársins þ.e. 26 ágúst.

Hlökkum til samstarfsins í vetur.

Með kærri kveðju,

Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri